

Nd.

552. Frumvarp til laga

[37. mál]

um heimilishjálp í viðlögum.

(Eftir eina umr. í Ed.)

1. gr.

Sveitarstjórnnum og sýslunefndum er heimilt að ákveða, að setja skuli á fót í umdæmum þeirra heimilishjálp í viðlögum samkvæmt lögum þessum. Hlutverk hennar er að veita hjálp á heimilum, þegar sannað er með vottorði læknis eða ljósmóður eða á annan hátt, sem aðilar taka gilt, að hjálparinnar sé þörf um stundarsakir vegna sjúkdóma, barnsburðar, slysa, dauðsfalla eða af öðrum ástæðum.

2. gr.

Nú gerir sveitarstjórn eða sýslunefnd samþykkt um, að í umdæmi hennar skuli komið á fót heimilishjálp í viðlögum, og skal þá með sérstakri reglugerð, er félagsmálaráðuneytið staðfestir, kveða nánar á um starfsemi þessa.

3. gr.

Framkvæmd heimilishjálpar má fela sérstakri nefnd, sem sveitarstjórn eða sýslunefnd kýs, og skal að minnsta kosti ein kona, er hefur þekkingu á heimilisstörfum, vera í nefndinni. Heimilt er enn fremur að fela framkvæmd heimilishjálpar sjúkrasamlögum, kvenfélögum eða sérstakri stofnun undir yfirstjórn hlutaðeigandi sveitarstjórnar eða sýslunefndar.

4. gr.

Heimilishjálp veitist gegn endurgjaldi samkvæmt gjaldskrá, er sveitarstjórn eða sýslunefnd setur og ráðherra staðfestir. Heimilt er sveitarstjórn eða sýslunefnd að gefa eftir hluta af greiðslu fyrir veitta heimilishjálp eða fella greiðslu alveg niður, þegar efnalítið fólk á í hlut eða aðrar sérstakar ástæður til slíkrar ívilnunar eru fyrir hendi.

5. gr.

Heimilt er sveitarfélögum að gera með sér samning um sameiginlega heimilishjálp í umdæmum sínum.

6. gr.

Á þeim tímum, sem húsmæðraskólarnir starfa, skulu þeir halda uppi kennslu, ef húsrúm og aðrar aðstæður leyfa, til leiðbeiningar konum, sem taka vilja að sér að stunda heimilishjálp samkvæmt lögum þessum. Fer um kostnað við kennslu í þeim greinum á sama hátt og annan rekstrarkostnað húsmæðraskólanna.

7. gr.

Ríkissjóður endurgreiðir $\frac{1}{3}$ hluta af halla þeim, sem sveitarsjóðir og sýslusjóðir kunna að verða fyrir af starfsemi heimilishjálpar.

Reikningar skulu árlega sendir félagsmálaráðuneytinu, er þeir hafa verið endurskoðaðir. Ráðuneytið ákveður endurgreiðslu ríkissjóðs á hluta af rekstrarhalla sveitarfélaganna vegna heimilishjálpar.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.